

Ed.

401. Frumvarp til laga

um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda í Reykjavík skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt að tilhlutun forsætisráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi at-
hugasemdir:

„Með dómi bæstaréttar, uppkveðnum 23. október 1935, í málinu bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, var nefnd stofnun ekki talin útsvarsskyld í Reykjavík. Einn dómara taldi þó stofnunina útsvarsskylda. Skattayfirvöldin hafa þrátt fyrir dóminn haldið áfram að leggja útsvar á sölusambandið. Með því að nú allur sá arður, sem stofnanir þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, gefa, rennur til framleiðendanna sjálfra, þeir greiða skatta og skyldur af þeim arði sem öðrum tekjum sínum, og þess vegna um engan milliliðagróða að ræða, þykir ekki rétt að telja stofnanir þessar útsvars- eða skattskyldar. En með því ákvæði laga um skatt- og útsvarsskyldu mjólkursamsölnunnar og sölusambandsins þykja ekki nógu ljós, er frumvarp þetta fram komið.“